



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 25. ágúst 2016 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir, og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál

a. Yfirlit um rekstur fyrstu 6 mánuði ársins.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit fyrir janúar – júní 2016 ásamt útkomuspá fyrir árið í heild miðað við frameiknaða stöðu. Sveitarstjóri fór yfir og skýrði samantektina. Þar kemur fram að skatttekjur eru lægri en áætlað var í fjárhagsáætlun einnig eru einstaka útgjaldaliðir hærri en áætlað var. Miðað við fyrirbyggjandi samantekt lítur út fyrir að afkoma sveitarsjóðs verði lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Sveitarstjórn ræddi málið sem var til kynningar.

b. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016. Viðaukum sem lágu fyrir fundinum var stíllt upp í form í samræmi við reglugerð nr. 1212 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Tillaga um viðauka var vegna eftirfarandi mála:

<i>Viðaukar vegna rekstrar:</i>				
<i>Bókhaldsl:</i>	<i>Deild</i>	<i>Skýring</i>	<i>Upphæð þús.</i>	<i>Áður til umfj.</i>
0421-1000	Fræðslumál	Launak. grunnskóla	6.811	22.06.16
0451-9695	Fræðslumál	Tónlistarskóli – framhaldsn.	411	22.06.16
0503-9991	Menningarmál	Nes listam. v/Einbúastígs	1.500	22.06.16
0689-9991	Æskulýðs og íþr.	Styrkir til íþróttar	250	22.06.16
0744-9625	Almannavarnir	Sjóvörn móttframlag	1.600	
2140-4967	Skrifstofa	Bókhaldskerfi	1.500	22.06.16
3120-4967	Íþróttahús	Viðahld búnaðar	1.000	19.04.16
		<i>Samtals viðauki vegna rekstrar:</i>	<i>13.102</i>	

<i>Viðaukar vegna fjárfestinga:</i>				
<i>Bókhaldsl:</i>	<i>Deild</i>	<i>Skýring</i>	<i>Upphæð þús.</i>	<i>Áður til umfj.</i>
29	Hlutabréf	Hlutafé í Tækifæri	-1000	09.03.16
29	Fasteignir	Sala á Suðurvegi 4	-7.700	
31509	Grunnskóli	Þak	200	
31252	Sundlaug	Heitur pottur	5.500	22.06.16
31502	Gatnakerfi	Gangstéttir	3.500	
31503	Opin svæði	Ærslabelgur	1.800	
7173	Fellsborg	Þakviðgerðir	3.600	
		<i>Samtals viðauki vegna fjárfestinga</i>	<i>5.400</i>	

Sveitarstjórn samþykkti viðaukana og að þeim verði mætt með lækkun á handbæru fé.



2. Grunnskóli

a. Samningur um skólamáltíðir

Fyrir fundinum lá tillaga að samningi um skólamáltíðir við Borgin mín ehf. Samningurinn sem í grundvallaratriðum er framlenging á fyrri samningi gildir til 30. maí 2018. Sveitarstjórn samþykkti samninginn og fól sveitarstjóra að undirrita hann.

b. Bréf Velferðarvaktarinnar

Fyrir fundinum lá bréf Velferðarvaktarinnar þar sem því er beint til sveitarstjórna að grunnskólinn leggi nemendum til ritföng vegna námsins. Sveitarstjórn ræddi erindið og samþykkti að taka það upp á skólárinu 2017-2018 og fela skólastjórnendum að skilgreina hvaða gögn séum nauðsynleg.

3. Sala íbúðar að Suðurvegi 4

a. Fyrir fundinum lá kaupsamningur um eignina við Jón Gunnar Jósefsson.

Sveitarstjórn samþykkti sölu eignarinnar og kaupsamninginn og fól sveitarstjóra að undirrita hann.

b. Sveitarstjórn samþykkti að setja í sölu íbúðir nr. 2 og 6 við Suðurveg og fól

sveitastjóra að koma þeim í söluferli.

4. Skagginn 2016

Fyrir fundinum lá dagskrá bæjarhátíðarinnar Skaggans 2016 sem haldinn verður dagana 26. – 28. ágúst nk. Dagskráin var til kynningar.

5. Umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Strandgata 22, - Lundur, Skagaströnd

Umsækjandi: Eygló K. Gunnarsdóttir, kt. 250355 2899.

Gististaðurinn er í flokki I skv. 3. gr. laga nr. 85/2007. Um er að ræða nýtt leyfi.

Umsögn:

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að orðið verði við umsókninni.

Umsögnin er bundin fyrirvara um að umsagnir heilbrigðiseftirlits, eldvarnaeftirlits, vinnueftirlits og byggingarfulltrúa séu jákvæðar.

6. Bréf:

a. SSNV, dags. 15. ágúst 2016

Með bréfin óskar SSNV eftir upplýsingum um nöfn kjörinna fulltrúa á ársþing samtakanna sem haldinn verður í Skagafirði 21. október 2016.

Sveitarstjóra falið að svara bréfinu og tilkynna um fulltrúa skv. ákvörðun sveitarstjórnar 24. júní 2014 en þá voru eftirtalin kjörin:

Aðalmenn:

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Til vara:

Róbert Krisjánsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Steindór R. Haraldsson



b. Vegagerðarinnar, dags. 15. ágúst 2016

Með bréfinu óskar Vegagerðin eftir að sveitarfélagið staðfesti að Vegagerðin hafi heimild til að ráðast í gerð sjóvarnargarðs á um 190 m kafla undir sjávarbökkum norðan Réttarholts og jafnframt að gengið verði úr skugga um að sjóvarnirnar samrýmist skipulagi. Sveitarstjórn samþykkti heimild til framkvæmdarinnar fyrir sitt leyti og fól sveitarstjóra að afla samþykkis eiganda Réttarholts og álits skipulagsfulltrúa.

c. Bændasamtaka Íslands, dags. 9. ágúst 2016

Með bréfinu eru kynntar samþykktir Búnaðarþings 2016 um fjallskil og jafnframt lagðar fram spurningar sem varða þau. Bréfið var til kynningar og sveitarstjóra falið að svara spurningum sem koma fram í því.

d. Mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 2. ágúst 2016

Með bréfinu er vísað til fyrri samskipta vegna úttektar á Höfðaskóla 2014 og óskað eftir upplýsingum þegar þeim umbótum sem eftir er að ljúka er lokið. Bréfið var til kynningar.

e. Íbúðalánasjóðs, dags. 13. júlí 2016

Efni bréfsins er framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir. Bréfið var til kynningar.

f. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. júní 2016

Með bréfinu er kynnt viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum. Í samantekt um viðmið eftir íbúafjölda kemur fram hvernig laun sveitarstjórna eru og tilgreind bæði efri og neðri mörk. Í umræðu kom fram að sveitarstjórn er innan viðmiðunarmarka fyrir sveitarfélög með 201-500 íbúa. Bréfið var til kynningar.

g. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. júlí 2016

Með bréfinu er óskað upplýsinga frá sveitarfélögum vegna forsetakosninga sem fram fóru 25. júní sl. Meðfylgjandi bréfinu var skýrsla kjörstjórnar Skagastrandar til Hagstofu Íslands um kjósendur á kjörskrá og greidd atkvæði. Bréfið var til kynningar.

h. Þjóðskrár Íslands, dags. 14. júní 2016

Með bréfinu er kynnt fasteignamat 2017 sem byggir á endurmati fasteigna 31. maí sl. Bréfið var til kynningar.

i. Skipulagsstofnunar, dags. 16. júní 2016

Bréfið er kynningarbréf á landsskipulagsstefnu 2015-2026. Í bréfinu kemur fram ýmislegt sem varðar gerð stefnunnar, tilgang og kynningu og óskað eftir skráningu tengiliða á samráðsvettvang. Sveitarstjórn tilnefndi sveitarstjóra í samráðsvettvang en bréfið var að öðru leyti til kynningar.

j. Innanríkisráðuneytis, dags. 24. júní 2016

Í bréfinu er greint frá að í 10. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sé fjallað um samráð við íbúa og að sveitarstjórn geti ákveðið að halda íbúakosningu um sérstök málefni. Þá kemur fram að tilraunaverkefni með rafrænar íbúakosningar hafi staðið yfir undanfarin ár og vakin sérstök athygli á því. Bréfið var til kynningar.



7. Fundargerðir:

- a. Fræðslunefndar, 28.06.2016

Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir

- b. Stjórnar Byggðasamlags um atvinnu og menningarmál, 9.06.2016

Fundargerðin var til kynningar

- c. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu, 23.06.2016

Fundargerðin var til kynningar

- d. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu, 30.06.2016

Fundargerðin var til kynningar

- e. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu, 8.07.2016

Fundargerðin var til kynningar

- f. Stjórnar SSNV, 15.06.2016

Fundargerðin var til kynningar

- g. Stjórnar SSNV, 9.08.2016

Fundargerðin var til kynningar

- h. Stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 4.08.2016

Fundargerðin var til kynningar

- i. Stjórnar Hafnasambands Íslands, 16.08.2016

Fundargerðin var til kynningar

- j. Stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga, 24.06.2016

Fundargerðin var til kynningar

a) Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.00

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson